

1988 nr. 53 19. maí**Læknalög¹⁾**¹⁾ *Lögin falla brott 1. jan. 2013 skv. l. 34/2012, 33. gr.*

Tóku gildi 1. júlí 1988, að undanskilinni 26. gr. sem tók gildi 1. janúar 1989. *Breytt með l. 50/1990 (tóku gildi 31. maí 1990), l. 116/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994; EES-samningurinn: VII. viðauki tilskipun 75/362/EEB og 75/363/EEB), l. 50/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997), l. 76/1997 (tóku gildi 1. júlí 1997), l. 68/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 30/2002 (tóku gildi 16. apríl 2002), l. 76/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), l. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003), l. 89/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003), l. 41/2007 (tóku gildi 1. sept. 2007), l. 12/2008 (tóku gildi 1. apríl 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbák. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 55/2009 (tóku gildi 1. maí 2009), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).*

I. kafli. Lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

■ **1. gr.** [Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi [landlæknis],¹⁾ sbr. 2. og 3. gr.,

2. [sá sem fengið hefur staðfestingu [landlæknis]¹⁾ á lækningaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu].²⁾

□ [Ráðherra]³⁾ skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega lækningar hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.]⁴⁾

¹⁾ L. 12/2008, 72. gr. ²⁾ L. 72/2003, 27. gr. ³⁾ L. 126/2011, 129. gr. ⁴⁾ L. 116/1993, 1. gr.

■ **2. gr.** [Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum¹⁾ sem ráðherra setur að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

□ Viðbótarnámi skv. 1. mgr. má ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir sem fullnægja skilyrðum [ráðherra],²⁾ læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

□ Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita umsagnar . . .³⁾ læknadeildar Háskóla Íslands.

□ Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef landlæknir eða læknadeild telja hann óhæfan vegna heilsuþrengingar, t.d. vegna áfengis- eða eiturylfjaneyslu, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig af alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.]⁴⁾

¹⁾ Rg. 305/1997, sbr. 340/1999, 435/2005, 546/2007, 966/2008 og 1127/2011. ²⁾ L. 162/2010, 61. gr. ³⁾ L. 12/2008, 73. gr. ⁴⁾ L. 116/1993, 1. gr.

■ **3. gr.** [Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. 2. gr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis [og í Sviss],¹⁾ leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. uppfylli hann skilyrði 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.]²⁾

¹⁾ L. 76/2002, 20. gr. ²⁾ L. 116/1993, 1. gr.

■ **4. gr.** Ef nauðsyn krefur má [landlæknir]¹⁾ fela læknakandidötum eða læknanemum, sem lokið hafa 4. árs námi, að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir og hefur viðkomandi þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

□ Í slíkum tilvikum skal læknanemi starfa með lækni.

□ Víkja má frá ákvæðum 2. mgr. telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.

¹⁾ L. 12/2008, 74. gr.

■ **5. gr.** [Læknir hefur rétt til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi:

1. hann fengið til þess leyfi [landlæknis],¹⁾

2. [hann fengið staðfestingu [landlæknis]¹⁾ á sérfræðingsleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu].²⁾

□ Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

□ Áður en leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar . . .¹⁾ nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

□ Ráðherra skal með reglugerð³⁾ setja nánari ákvæði um þá sem mega kalla sig sérfræðinga og starfa sem slíkir hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.]⁴⁾

¹⁾ L. 12/2008, 75. gr. ²⁾ L. 72/2003, 28. gr. ³⁾ Rg. 305/1997, sbr. 340/1999, 435/2005, 546/2007, 966/2008 og 1127/2011. ⁴⁾ L. 116/1993, 1. gr.

II. kafli. Réttindi.

■ **6. gr.** [Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni og stunda lækningar sem uppfyllir skilyrði 1. gr.]¹⁾ Öðrum er óheimilt að nota starfsheiti eða kynningarheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar eða stundi lækningar, sbr. nánari ákvæði laga þessara um skottulækningar.

¹⁾ L. 116/1993, 1. gr.

■ **7. gr.** Læknir getur við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Starfar það þá á ábyrgð læknis nema önnur lög bjóði annað.

■ **8. gr.** Lækni er heimilt að skorst undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðisleg viðhorf hans séu störf in ekki framkvæmd í lækningaskyni.

III. kafli. Skyldur.**A. Árvækni og upplýsingar.**

■ **9. gr.** Lækni ber að sinna störfum sínum af árvækni og trúmennsku, halda við þekkingu sinni og fara nákvæmlega eftir henni.

□ Læknir ber ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur til umsjónar.

B. Upplýsingar.

■ **10. gr.** Lækni ber að jafnaði að upplýsa sjúkling um ástand, meðferð og horfur. Eigi í hlut barn, unglíngur yngri en 16 ára eða sjúklingur, sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar, skulu þær veittar foreldri, forráðamanni eða nánasta aðstandanda.

C. Vottorð.

■ **11. gr.** Lækni ber að sýna varkárni og nákvæmni við útgáfu vottorða og annarra læknayfirlýsinga. Skal hann votta það eitt er hann veit sönnur á.

□ [Ráðherra setur nánari reglur¹⁾ um gerð og útgáfu læknisvottorða að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands og að fenginni umsögn heildarsamtaka launafólks og vinnuveitenda.]²⁾

¹⁾ Rg. 586/1991. ²⁾ L. 50/1990, 1. gr.

■ **12. gr.** Lækni er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er hann annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna viðskipta sjúklinga við hið opinbera.

D. Skyndihjálp.

■ **13. gr.** Lækni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

E. Sjúkravítjanir.

■ **14. gr.** Lækni, sem stundar almennar lækningar, er skylt, þótt hann sé ekki opinber starfsmaður, að gegna aðkallandi sjúkravítjunum í því heilsugæsluumdæmi þar sem hann starfar nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

F. Þagnarskylda.

■ **15. gr.** Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem lækni.

□ Þetta gildir ekki þjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

□ Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanns.

□ Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

□ Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstettum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklunga.

□ Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstettir og aðra sem vinna með lækni.

□ Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur læknir látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé lækni í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

G. [Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.]¹⁾

¹⁾ L. 50/1990, 2. gr.

■ **16. gr.** [Um skyldu læknis til að færa sjúkraskrá og um meðferð sjúkraskráupplýsinga fer samkvæmt lögum um sjúkraskrár og lögum um réttindi sjúklunga.]¹⁾

¹⁾ L. 55/2009, 26. gr.

H. Auglýsingar.

■ **17. gr.** [Lækni er einungis heimilt að auglýsa lækna starfsemi sína með efnislegum og látausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.]¹⁾

□ Læknum og stéttarfélagum þeirra ber að sporna við því að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna.

¹⁾ L. 30/2002, 24. gr.

I. Eftirlitsskylda.

■ **18. gr.** [Læknir er háður eftirliti landlæknis í samræmi við ákvæði laga um landlækni.]¹⁾

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr.

■ [18. gr. a. . . .¹⁾]²⁾

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr. ²⁾ L. 68/1998, 2. gr.

IV. kaffi. . . .¹⁾

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr.

V. kaffi. Skottulækningar.

■ **22. gr.** Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

□ Það eru skottulækningar er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklunga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.

■ **23. gr.** [Um lyfjauglýsingar fer samkvæmt lyfjalögum.]¹⁾ Auglýsingar um lækningarmátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars eru bannaðar.

□ Bannaðar eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað.

□ Auglýsingar um lyf, . . .¹⁾ sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstettir.

¹⁾ L. 12/2008, 76. gr.

VI. kaffi. Almenn ákvæði.

■ **24. gr.** Lækni, sem ekki hefur til þess leyfi, er óheimilt að kalla sig, auglýsa sig eða gefa á annan hátt í skyn að hann sé sérfræðingur og gildir hið sama um sérfræðing ef hann gefur í skyn að hann sé sérfræðingur í annarri grein en þeirri sem hann hefur sérfræðingsleyfi í. Lækni er óheimilt að ávísa lyfjum undir því yfirsíni að þau eigi að fara til lækninga en vitandi að þau verði notuð í öðru skyni, t.d. til nautnar eða til sölu í hagnaðarskyni.

■ **25. gr.** Lækni er óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

■ **26. gr.** [Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. [Landlæknir getur þó, að fenginni umsókn viðkomandi læknis, veitt undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 12/2008, 77. gr. ²⁾ L. 50/1990, 5. gr.

VII. kaffi. Viðurlög.

A. [Brotfall og svipting lækningaleyfis og staðfestingar á lækningaleyfi.]¹⁾

¹⁾ L. 116/1993, 1. gr.

■ **27. gr.** [Um áminningu og sviptingu starfsleyfa, sem veitt eru á grundvelli laga þessara, fer samkvæmt ákvæðum laga um landlækni.]¹⁾

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr.

■ **28. gr. . . .¹⁾**

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr.

■ **29. gr. . . .¹⁾**

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr.

B. Aðrar refsingar.

■ **30. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis samkvæmt lögum um landlækni, sbr. 27. gr., sektum eða fangelsi allt að 2 árum.]¹⁾

□ Sé um að ræða brot af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal refsa með [fangelsi allt að 2 árum]²⁾ og/eða sektum. Fyrir minni háttar brot skal refsa með sektum en með [fangelsi allt að 1 ári]²⁾ og/eða sektum hafi viðkomandi sætt áminningu landlæknis áður.

□ Sé um ítrekuð brot að ræða skal dæma í fangelsi og/eða sektir.

¹⁾ L. 41/2007, 24. gr. ²⁾ L. 82/1998, 193. gr.

■ 31. gr. . . .¹⁾¹⁾ *L. 88/2008, 233. gr.***VIII. kafli. Gildistaka.****■ 32. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1988. . . .**Ákvæði til bráðabirgða.****■ I.** Ákvæði laga þessara um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa ná ekki til þeirra sem slík leyfi hafa ótakmörkuð

eða takmörkuð þegar löginn ganga í gildi. Önnur ákvæði þessara laga gilda hins vegar að öllu leyti um þessa aðila.

□ . . .

¹⁾ *L. 12/2008, 78. gr.***■ [II.** Starfsleyfi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út samkvæmt lögum þessum fyrir 1. apríl 2008 halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. gr. laganna.]¹⁾¹⁾ *L. 12/2008, 78. gr.*

ELDDRI ÚTGÁFA